

Lýsing á valgreinum skólaárið 2022 - 2023



Efnisyfirlit

Árbókarval 10. bekkur	10. bekkur	1 stund	3
Árshátíðarmyndband	10. bekkur	1 stund	3
Badminton	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	4
Bauhaus Austó -	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	4
Blak	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	5
Fjármálafræðsla	9. og 10. bekkur	1 stund	5
Framhaldsskólinn	10. bekkur	1 stund	6
Frisbígolf	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	6
Forritun	8., 9. og 10. bekkur	2 stundir	7
Fótbolti 1 og 2	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	7
Heimspeki	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	7
Hjólreiðar	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	8
Hreysti, þrek og þol	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	9
Íslenska sem annað mál	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	9
K-pop og Asíufræði	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	10
Kvikmyndagerð	8., 9. og 10. bekkur	2 stundir	10
Kynja- og kynfræðsla	9. og 10. bekkur	1 stund	11
Körfubolti 1 og 2	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	12
Listasaga	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	12
Ljósmyndun	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	13
Lýðræði og félagsstarf	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	13
Nýsköpun	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	14
Rafíþróttaval	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	14
Skák	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	15
Skrekkur	9. og 10. bekkur	1 stund	15
Slökun	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	16
Stíll	8., 9. og 10. bekkur	1 stund	16
Stærðfræði 2AA05	10. bekkur	3 stundir	17
Stærðfræði A	9. og 10. bekkur	2 stundir	17
Stærðfræði B	8., 9. og 10. bekkur	2 stundir	18
Stærðfræði C/heimanám	8., 9. og 10. bekkur	1-2 stundir	19

Tónlist	8., 9. og 10. bekkur 2 stundir	19
VKG – Samstarf við Tækniskólann	10. bekkur 2 stundir.....	19
Annað	8., 9. og 10. bekkur	20

Árbókarval 10. bekkur 10. bekkur 1 stund

Nemendur vinna saman að árbók sem gefin er út í lok 10. bekkjar.

Markmið: Að nemendur

- vinni með samsetningu ólíkra lita og forma í uppsetningu og hönnun verkefna.
- Þjálfist í að skanna myndefni, losa myndavélar og vista á viðeigandi svæði á réttan hátt.
- Þjálfist í að vinna með texta og textabox, s.s. afrita, stækka, minnka og breyta stærð, lit og leturgerð.
- Æfist í að vinna að skólablaði, vinni ýmsar fréttir úr skólastarfinu, taki viðtöl við ýmsa aðila og vinni úr þeim,
- Gefi út árbók 10. bekkjar,
- Geri sér grein fyrir þeim kostnaði sem fylgir árbókagerð og finni leiðir til að standa straum af þeim kostnaði.

Námsmat: Þátttaka og virkni í tímum.

Árshátíðarmyndband 10. bekkur 1 stund

Lagt er upp með að gera fjölbreytt og skemmtilegt árshátíðarmyndband fyrir árshátíð nemenda.

Nemendur koma með hugmyndir að leiknum atriðum, fjölbreyttum „sketsum“ og taki upp og klippi saman.

Markmið: Að nemendur

- þjálfist í að taka frumkvæði í námi sínu og verði sjálfstæðir og ábyrgir í vinnubrögðum.
- þjálfist í að nýta styrkleika sína og fái skýrari sjálfsmynd.
- þjálfist í að taka leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og geti sjálfir sett gagnrýni uppbyggilega fram.

- Þjálfist í að vinna saman að sameiginlegu markmiði hópsins.

Námsmat: Þátttaka og virkni í tímum.

Badminton 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Fjölbreyttir tímar þar sem að nemendur reyna og þjálfast sig í badminton með leikrænum hætti.

Hæfniviðmið: Að nemandi geti:

- þekkt leikreglur og farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik
- gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.
- skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum

Kennt er einn tíma í senn einu sinni í viku yfir allt skólaárið.

Bauhaus Austó - 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Efnisviður og sköpunargleði - Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á hönnun og list. Í áfanganum verður lögð áhersla á að prófa sig áfram og prófa eitthvað nýtt, kynnast sjálfum sér og öðrum í gegnum sköpunarferli.

Markmið: Að nemendur fái að kynnast Bauhaus listahreyfingunni og fá innsýn í hvernig koma megi tvívíðum skissum á þrívítt form í formi hagnýtrar hönnunar. Nemendur þjálfast sig í að hanna hagnýtt verk í anda Bauhaus í bland við eigin sköpunartjáningu. Námskeið verður haldið með verklegum æfingum með fjölbreyttum efnisvið. Stefnt er að halda hönnunarsýningu Bauhaus Austó á verkum nemenda í lok annar.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti;

- Unnið verkefni frá eigin hugmynd að fullunnu verki með áherslu á þrívíðu formi og útliti.
- Lært aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt frumkvæði í hönnunarferli.
- Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni og notkun.
- Tjáð hugsanir sínar á sjónrænan hátt í Bauhaus stíl.
- Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.

Námsefni: Efni á netinu, ýmsar bækur, rusl, tré, pappír, leir, gifs og allt mögulegt.

Kennt er tvær stundir í senn, eina önn.

Blak 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Fjölbreyttir tímar þar sem að nemendur reyna og þjálfar sig í blaki með leikrænum hætti.

Hæfniviðmið: Að nemandi geti:

- þekkt leikreglur og farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik
- gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.
- skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.

Kennt er einn tíma í senn einu sinni í viku yfir allt skólaárið.

Fjármálafræðsla 9. og 10. bekkur 1 stund

Tilgangurinn með námskeiðinu er að nemendur átti sig á nauðsyn ábyrgðar í fjármálum og að sumar fjármálaákvæðanir fylgi þeim út lífið.

Markmið Að nemandinn:

- fræðist um fjármálhugtök.
- þekki sparnað og sparnaðarleiðir
- kynnist heimabönkum og möguleikum þeirra.
- geri sér grein fyrir hver útgjöld meðalfjölskyldu eru og hvernig þau eru samsett.
- geti gert kostnaðaráætlun og haldið bókhald.
- kynnist launum sem eru í boði fyrir mismunandi störf.
- kynnist því hvernig ríkið er rekið og þekki mun á beinum og óbeinum sköttum.
- kynnist lánnum, sparnaði, vöxtum og verðbótum.
- skilji kostnað og rekstur heimila.

- skilji kostnað og rekstur bíla.
- kynnist skattskýrslugerð.
- þekki launamiða, launatengd gjöld og skattaútreikninga.

Leiðir Umræður - Fyrirlestrar - Hópverkefni - Upplýsingaleit

Námsmat 100% vinnueinkunn. Kennt er tvær stundir í senn, eina önn.

Framhaldsskólinn

10.bekkur 1 stund

Áfanginn er ætlaður nemendum í 10.bekk og miðar að því að undirbúa nemendur sem best fyrir framhaldsnám og sporna við brottfalli. Kennt er tvo tíma í senn aðra hvora viku allt árið og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Frisbígolf

8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Kennd verða undirstöðuatriði í frisbígolfi. Kastaðferðir, keppnisreglur, stigaskráning, skráningaröpp, mismunandi flugeiginleikar frisbídiska og fleira. Meirihluti kennslunnar verður á Klambratúni en einnig verða aðrir vellir prófaðir, púttæfingar í íþróttasal og svo verða líka fyrirlestra/vídeótímar í skólanum. Skólinn útvegar frisbídiska en nemendum er velkomið að koma með sína eigin diska.

Hæfniviðmið eru að nemandi geti:

- þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþrótt,
- tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans,
- tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi,
- sýnt ábyrgð í útivist. Skýrt tákni korta, tekið stefnu með áttavita og ratað um landsvæði eftir korti.

Kennt er tvo tíma í senn einu sinni í viku á haustönn 23.8. – 21.10. og vorönn 28.3. – 3.6. og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Forritun

8., 9. og 10. bekkur 2 stundir

Nemendur kynnast undirstöðu forritunnar. Markmið: Að vekja áhuga nemenda á tækni í gegnum einfalda forritun.

Hæfniviðmið: Að nemandi geti;

- beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra,
- útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu,
- nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Kennt er tvo tíma í senn á viku.

Fótbolti 1 og 2

8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Fjölbreyttir tímar þar sem nemendur reyna og þjálfar sig í fótbolta með leikrænum hætti (spila).

Hæfniviðmið: Að nemandi geti:

- þekkt leikreglur og farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik
- gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.
- skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.

Kennt er einn tíma í senn einu sinni í viku allan veturinn.

Heimspeki

8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Hvað er heimspeki og hvers vegna er hún svona áhugaverð? Þessi áfangi er fyrir forvitna og hugsandi nemendur sem hafa gaman af því að ræða um lífið og tilveruna. Nemendur læra fyrst og fremst hvað heimspeki er en einnig að þjálfar rökhugsun og hvers vegna það er mikilvægara að kunna að spyrja spurninga en að svara þeim.

Hæfniviðmið:

- Rökestutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.

- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt.

Kennd verður ein stund í senn allan veturinn og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Hjólreiðar 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Í þessari valgrein ætlum við að kynnast alls konar atriðum í sambandi við hjól. Allt frá tækniæfingum í Öskjuhlíð, hjólareiðatúrum og hjólaviðgerðum. Fer eftir veðri. Það má koma með flestar tegundir hjóla en það er skylda að mæta með hjálm.

Markmið og hæfniviðmið eru m.a.:

- tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði
- valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra
- gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra,
- beitt viðeigandi vinnustelling- um og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.
- tekið þátt í hópípróttum, einstaklingsípróttum og heilsurækt innan og utan skólans,
- rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra,
- útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum ípróttum,
- sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í ípróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa,
- sýnt ábyrgð í útivist. Skýrt tákni korta, tekið stefnu með áttavita og ratað um landsvæði eftir korti.
- tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.
- Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda.

Kennt er tvo tíma í senn einu sinni í viku á haustönn 23.8. – 21.10. og vorönn 28.3. – 3.6. og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Hreysti, þrek og þol 8., 9. og 10. bekkur 1 stund
Fjölbreyttir tímar þar sem nemendur framkvæma og æfa ýmsar styrktar og þrekæfingar. Kennt er einn tíma í senn allt skólaárið.

Hæfniviðmið: Að nemandi geti:

- sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu.
- skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.
- Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans.
- Sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt. Gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.

Íslenska sem annað mál 8., 9. og 10. bekkur 1 stund
Þetta val er ætlað þeim nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku. Í hverjum tíma er farið yfir ákveðinn orðaforða og unnin verkefni. Við spilum líka alls konar spil, tölum saman, skrifum og æfum okkur í íslensku.

Við tölum um íslenska menningu, hefðir, sjónvarpsefni, mat og fleira. Við skoðum á hvaða hátt tungumálin okkar eru lík/ólík og lærum kannski fáein orð á öðrum tungumálum. Kennt er einn tíma í senn allt skólaárið.

Markmið: Að nemandur,

- fái aukið öryggi í notkun íslenskunnar í daglegu máli
- fái innsýn í íslenska dægurmenningu
- kynnist íslenskum hefðum
- þjálfu íslensku sem samskiptamál, m.a. í gegnum spil

K-pop og Asíufræði 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Áfanginn er fyrir nemendur sem hafa gaman að kynnst annarri menningu og eru forvitin að prófa nýtt tungumál.

Markmið: Að nemendur kynnst menningu Asíu með K-pop og asískum kvikmyndum. Allir nemendur þjálfra kóreska skrift og mál svo að allir geta kynnt sig á kóresku í tali og skrift í lok annarinnar. Í áfanganum verða miklar umræður um mismunandi menningu frá asískum löndum.

Hæfniviðmið:

Að nemendur geti;

- kynnt sig á kóresku og geta sagt og skrifað í einföldum orðum
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- sett sig í spor fólks með ólíkan menningarbakgrunn
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi með öðrum
- rýna í asíska menningu og mynda sér skoðun út frá kvikmyndum og tónlist.

Námsefni: tónlist, myndbönd og kennslubækur á netinu.

Kennt er tvær stundir í senn, eina önn.

Kvikmyndagerð 8., 9. og 10. bekkur 2 stundir

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á að gera sínar eigin stuttmyndir, semja handrit, leika, leikstýra og taka upp. Áfanganum lýkur með þátttöku í stuttmyndakeppni grunnskólanna.

Hæfniviðmið: Að nemandi geti;

- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið,
- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsinga- öflun, tilraunir og samtal,

- skrásett og sett fram hug- myndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta,
- prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta,
- valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu.
- Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla,

Kennt er fjóra tíma í senn einu sinni í viku hálfan veturinn og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið.

Kynja- og kynfræðsla 9. og 10. bekkur 1 stund

Markmið og hæfniviðmið eru m.a.:

- að nemendur geti tjáð hugsanir sínar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt, unnið með öðrum og tekið þátt í samskiptum og rökræðum
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt
- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs
- tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt
- sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga

Efni sem er m.a. fjallað um: Horft á Fáðu já, forvarnarmyndband Páls Óskars, norska kynfræðsluþætti sem voru sýndir á RÚV og umræður út frá þeim, almenn kynfræðsla þar sem kafað er enn dýpar í efnið en var gert í vetur í kynfræðslu 8.bekkjjar, einnig farið í femínisma, karlmennsku, sambandsslit, suð, daður, drusluskömm/polendaskömm, mörk, virðingu, traust, samskipti, samþykki, lög

um kynferðisofbeldi, allar gerðir kynferðisofbeldi og kynferðislegs áreitnis, hvert er hægt að leita, klám og klámvæðingu í daglegu lífi okkar,
Námsmat: einstaklingsverkefni, hópverkefni, umræður, þátttaka og virkni
Kennt er einn tíma í senn allt skólaárið.

Körfubolti 1 og 2 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Fjölbreyttir tímar þar sem nemendur reyna og þjálfar sig í körfubolta með leikrænum hætti (spila).

Hæfniviðmið: Að nemandi geti:

- þekkt leikreglur og farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik
- gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.
- skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.

Kennt er í tveimur hópum allan veturinn, og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Listasaga-listasafn 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Markmið: Að nemendur fái ágríp af listasögu og dýpki skilning sinn á listum og heimsæki listasöfn reglulega.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti;

- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu,
- greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr,
- greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina,
- túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði,
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi,

Námsefni: Listasýningar Ýmsar bækur, efni á netinu, heimildamyndir ofl.

Námsmat: Nemendur velja listamann eða stefnu sem þeir vilja kynna betur og/eða kynna fyrir samnemendum sínum. Einnig er ástundun og virkni í tímum metin. Kennt er tvo tíma í senn hálf skólaárið.

Ljósmyndun 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á ljósmyndun og vilja ná aukinni hæfni í að taka ljósmyndir. Þess er vænst að nemendur mæti með eigin myndavélar sem geta allt eins verið símar.

Markmið: Að nemandi geti;

- skrásett og sett fram hug- myndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta,
- greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat
- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu,

Stefnt er að ljósmyndasýningu á verkum nemenda í lok annar. Kennt er tvo tíma í senn hálfan veturinn.

Lýðræði og félagsstarf 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Um er að ræða samstarf Austurbæjarskóla og Félagsmiðstöðvarinnar 101 þar sem unnið er að ýmsum verkefnum í félagsstarfi út frá lýðræðissjónarmiðum.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti;

- sýnt fram á skilning á mikil- vægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs
- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis,
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum

Kennd er ein kennslustund í viku allt skólaárið.

Nýsköpun

8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Nemendur kynnast undirstöðu forritunnar við hönnun. Lagt er upp með að nemendur eiga að hanna hluti sem m.a. hægt er að vinna áfram með í Fab-lab. Nemendur vinna með forhugmyndir sínar um það efni sem er til umfjöllunar hverju sinni í stýrðum umræðum af hálfu kennara. Unnið er með verklegar athuganir þar sem það á við, bæði sem sýnitilraunir með umræðum sem og á þann veg að nemendur vinna sjálfir að ákv. þrautarlausnum.

Markmið og hæfniviðmið eru m.a.:

- Að auka áhuga nemenda á tilraunum, m.a. tenglum náttúrvísinda og nýsköpunar
- Að stuðla að auknum skilningi nemenda tungutaki náttúruvísindanna.
- Að vekja áhuga nemenda á hönnun og tækni í gegnum einfalda forritun.
- Að nemandi geti valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra
- Að geta útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
- Vinna sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað,
- Að geta sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu,
- Gera grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.
- Greina vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval,
- Gera sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra,
- Geta útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar.

Kennd er ein kennslustund í viku allt skólaárið.

Rafíþróttaval

8., 9. og 10. bekkur 1stund

Stefnt er að því að búa til valgrein þar sem nemendur geta farið í allskonar skemmtilega tölvuleiki. Um er að ræða leiki eins og Fortnite, Team Fortress, Rocket League, Roblox eða Minecraft svo dæmi séu nefnd. Einnig verður lögð

áhersla á aðra praktíska hluti sem gott er að hafa í huga þegar maður spilar tölvuleiki.

Námsmat: Virkni í tímum og þátttaka í öðrum þáttum námskeiðsins utan rafíþróttavars eins og hópefli og umræður um heilsu. Einn þáttur verður einnig tekin til máls og það er almenn þátttaka í að aðstoða hvort annað með leiki, tölvumál, forrit o.s.frv.

Kennd er ein kennslustund í viku allt skólaárið.

Skák 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Byrjendakennsla fyrir þá sem ekki kunna skák. Kenndar verða algengar leikfléttur, siðareglur og reglur í skákkeppnum. Markmið er m.a. að nemandi þjálfist í rökhugsun og að skoða hugsanlega leiki fram í tímann. Boðið verður upp á þátttöku í skákkeppnum. Þá er boðið upp á borðspil fyrir þá sem hafa áhuga á að prófa eitthvað annað en skák.

Kenndar eru tvær kennslustundir í viku hálf skólaárið.

Skrekkur 9. og 10. bekkur 1 stund

Áfanginn er ætlaður þeim sem stefna að því að taka þátt í Skrekk (hæfileikakeppni fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík sem fram fer á haustmánuðum) fyrir hönd Austurbæjarskóla.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti;

- samhæft tónlist og hreyfingu með góðri líkamsvitund og líkamsbeitingu og dansað mismunandi dansform sér til ánægju unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum,
- bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist,
- valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir
- í sköpunarferlinu. Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla,
- valið milli forma og stíls í eigin sköpun og rökstutt val sitt

Kennt verður á haustönn í skorpum og reiknast sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Slökun 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Kynntar verða mismunandi aðferðir í slökun. Má þar nefna leidda slökun, slökunartónlist, öndun, hugleiðslu o.fl.

Markmið: Að nemendur upplifi slökun á líkama, huga og sál. Sömuleiðis að þau læri að nýta sér slökunarleiðir í sínu daglega lífi.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti;

- skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans,
 - rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra,
- Kennt er einn tíma í senn einu sinni í viku allan veturinn og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Stíll 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Tískuteikning og fatahönnun - Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á hönnun og tísku. Kennd verða grunnatriði í fatahönnun og tískuteikningu.

Nemendur vinna í hópum, hanna, útbúa snið og sauma í sameiningu fatnað og útlit í tengslum við STÍL (fatahönnunarkeppni Samfés). Farið verður í alla þætti sem koma að STÍL, frá fatnaði til förðunar, hárs og göngulags.

Lögð er rík áhersla á sköpun, hugmyndavinnu, samvinnu og kynnst nemendur margvíslegum leiðum til þess að sækja sér innblástur fyrir sköpun sína.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti;

- beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum við sköpun sína
- unnið með snið, breytt uppskriftum og sniðum eftir eigin höfði
- beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og vali á textílefnum
- skapað textílafurð frá grunni og þekki það ferli sem liggur að baki
- tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi

Námsmat: Árangur er metinn eftir ástundun, virkni í tímum og framförum

Stærðfræði 2AA05

10. bekkur 3 stundir

Áfanginn er fyrsti áfangi í stærðfræði í framhaldsskóla. Í áfanganum er lagður grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausn verkefna. Helstu viðfangsefni í áfanganum eru: mengi, algebra, jöfnur, hnitakerfi, jafna beinnar línu, föll, annars stig jöfnur, fleygbogar og hringir.

Hæfnimið:

- Tölur og reikningur - nemandi geti: Reiknað með veldum, reiknað með rótum.
- Rúmfræði og mælingar - nemandi getur: Unnið með Pýþagoras, unnið með jöfnu hrings, unnið með skurðpunkta hringja og snertla.
- Algebra - nemandi getur: Liðað stæður, þáttað og stytt, leyst fyrsta og annars stigs jöfnur, unnið með jöfnuhneppi, sett upp jöfnu/jöfnur út frá lesnum texta, jafna línu og fleygboga, línuleg líkön, föll.
- Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar - nemandi getur: Notað tölvutækni og ýmis stærðfræðiforrit til að afla upplýsinga og læra.
- Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar - nemandi getur: Rökfræði og mengi.

Þessi áfangi er aðeins fyrir þá sem standa vel að vígi í stærðfræði. Lokapróf er tekið í MH, þannig að áfanginn verði tekinn gildur í framhaldsskóla.

Kennt er þrjá tíma í viku (einn tvöfaldur tími og einn stakur) allan veturinn og reiknast það sem 3 stundir á töflu allt skólaárið.

Stærðfræði A

9. og 10. bekkur 2 stundir

Hér verður áherslan á að þjálfa betur efni 10. bekkjar, s.s. líkur, Pýþagoras, rúmmál, stæður og jöfnur. Helmingur tímanna er kenndur í tölvuveri og þá er unnið með stærðfræðivef H&T og stærðfræðiforrit. Þetta val er hugsað fyrir miðlungsnemendur í 10. bekk og þá nemendur í 9. bekk sem eru sterkir í greininni og stefna á að taka stærðfræði 2AA05 (gamla 103) í 10. bekk.

Hæfniviðmið:

- Tölur og reikningur - nemandi getur: Reiknað með veldum, reiknað á staðalformi, reiknað með ferningstölum og ferningsrót.

- Rúmfræði og mælingar - nemandi getur: Fundið rúmmál og yfirborðsflatarmál, unnið með einingabreytingar, unnið með reglu Pýþagorasar.
- Algebra - nemandi getur: einfaldað stæður og fundið gildi, unnið með svigamargfeldi. samokareglu og ferningsreglu, þáttað með samokareglu og ferningsreglu, unnið með ræðar stæður, leyst flóknari jöfnur með nefnurum og jöfnuhneppi.
- Tölfræði og líkindi - nemandi getur: Unnið með einfaldar og endurteknar líkur.
- Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar - nemandi getur: Notað tölvutækni og ýmis stærðfræðiforrit til að afla upplýsinga og læra.

Kennt er tvo tíma í senn einu sinni í viku allan veturinn og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið.

Stærðfræði B 8., 9. og 10. bekkur 2 stundir

Áfanginn er hugsaður sem upprifjun á efni 9. bekkjar. Farið verður í negatífar tölur, veldi, staðalform, hringinn, stæður, jöfnur, hlutföll, línuteikningar, tölfræði o.fl. Áfanginn er hugsaður fyrir nemendur 10. bekkjar sem þurfa meiri upprifjun, nemendur í 9. bekk sem vilja styrkja sig enn betur við átök vetrarins og fróðleiksfúsa nemendur í 8. bekk. Annar tími vikunnar verður í tölvustofu og er þar unnið með stærðfræðiforrit.

Hæfniviðmið:

- Tölur og reikningur - nemandi getur: unnið með reglu um neikvæðar tölur, notað einfaldan prósentureikning, reiknað með veldum, skráð litlar og stórar tölur á staðalform og lesið tölur á staðalformi, röð aðgerða.
- Rúmfræði og mælinga - nemandi getur: Fundið ummál og flatarmál hrings, unnið með hnitakerfið, unnið með einslögun og hlutföll.
- Algebra - nemandi getur: Einfaldað stæður, fellt sviga, margfaldað inn í sviga, og svigamargfeldi, þáttað einfaldar stæður, leyst einfaldar jöfnur, teiknað jöfnu línu inn í hnitakerfi.
- Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar nemandi getur: Notað tölvutækni og ýmis stærðfræðiforrit til að afla upplýsinga og læra.

Kenndar eru tvær kennslustundir allt skólaárið.

Stærðfræði C/heimanám 8., 9. og 10. bekkur 1-2 stundir

Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með stærðfræði. Aðstoðað verður við heimavinnu, reynt að auka skilning og þjálfu upp vinnubrögð. Stundum verða teknar fyrir skemmtilegar þrautir til þess að nemendur fái jákvæðari viðhorf til greinarinnar. Kennnt er einn tíma í senn tvisvar sinnum í viku allan veturinn og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið.

Tónlist 8., 9. og 10. bekkur 2 stundir

Nemendur vinna undir stjórn tónmennakennara að tónlistarsköpun og flutningi.

Hæfniviðmið: Að nemandi geti;

- greint, valið og notað hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun
- notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og / eða hljóðverk,
- tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði,
- staðið með eigin tónsköpun eða tónlistarvali og rökstutt val sitt,

Kennt er einn tíma í senn tvisvar sinnum í viku allan veturinn og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið.

VKG – Samstarf við Tækniskólann 10. bekkur 2 stundir

Áfanginn er boðinn í samstarfi við Tækniskóla atvinnulífsins og samanstendur af átján vikna kennslu í þremur iðn-, tækni- eða listgreinum. Hver nemandi velur sér þær þrjár greinar sem vekja mestan áhuga hans sem standa yfir í sex vikur hver. Í boði eru eftirfarandi greinar: Listir og hönnun, tréiðnir, málmiðnir, rafiðnir, hársnyrtiðnir, skipsstjórn, upplýsingatækni og tækniteiknun. Í hverri grein fá nemendur tækifæri til að hanna og smíða eigulega gripi undir leiðsögn kennara. Á þann hátt vinna nemendur að verkefnum, sem tengja saman viðkomandi faggrein og verkfærin, auk þess að kynnast uppbyggingu iðnnáms og möguleikum til framhaldsmenntunar að því loknu.

Nánar er greint frá valinu í sérstökum kynningarbæklingi.

Kennt er 2 klst. í senn einu sinni í viku í 18 vikur og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið. Fimmtudagar kl. 15:20-17:20. Þrjú samliggjandi tímar á viku í 6 vikur. Hver nemandi tekur þrjú tímabil af fjórum (skipulagt af Tækniskólanum):

1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil
sept. -okt. '22	okt.- nóv. '22	jan. – feb. '23	mar. – apr. '23

Annað

8., 9. og 10. bekkur

Heimilt er að meta allt að tveimur kennslustundum þátttöku nemenda í atvinnulífi, félagsstarfi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi enda sé það skipulagt í samráði við skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla til valgreina, t.d. við tónlistarskóla og málaskóla enda njóti námið viðurkenningar. **Í öllum tilfellum þarf að skila inn staðfestingu eða vottorði að hausti.**

Nemendur velja sér valgrein að vori og hafa til og með 7. september til að skipta um skoðun og breyta. Eftir þann tíma er lokað á breytingar!